

7. gr.

Sjóðstjórn skal leita viðurkenningar fjármálaráðuneytisins á því að framlög til sjóðsins njóti skattfrelsis í samræmi við heimildir skattalaga hverju sinni.

8. gr.

Samhljóða samþykki sjóðsstjórnar þarf til þess að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans, ef einhverjar eru, renna til barnaeildar Landspítalans til kaupa á tækjum, húsbúnaði eða öðru sem deildina kann að vanhaga um.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um uppgjör orlofsfjár.

1. gr.

Orlofsgreiðslur vegna orlofsársins 1. maí 1987 til 30. apríl 1988 fara fram með tvennum hætti. Annars vegar fá fastir starfsmenn orlofslaun, þ.e. fá greidd venjuleg laun meðan þeir eru í orlofi. Aðrir launþegar fá hins vegar greitt orlofsfé, sem nemur a.m.k. 10,17% af launum þeirra í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Frá og með 1. maí 1988 greiðir Póst- og símamálastofnunin (Póstgíróstofan) launþegum áunnið orlofsfé fram til 30. apríl 1988. Nú kemur í ljós að launagreiðandi hefur vanrækt greiðslu orlofsfjár og skal þá Póst- og símamálastofnunin (Póstgíróstofan) vekja athygli hans á því og skora á hann að gera full skil þegar í stað eða í síðasta lagi innan þriggja daga. Beri slík áskorun ekki árangur skal Póst- og símamálastofnunin (Póstgíróstofan) hlutast til um innheimtu þegar í stað.

Sé fyrirsjáanlegt að innheimta taki það langan tíma að orlofsfé komist eigi í hendur orlofsþega þegar hann hyggst fara í orlof skal Póst- og símamálastofnunin (Póstgíróstofan) greiða honum inneign hans.

3. gr.

Launagreiðandi, sem með vanskilum sínum verður valdur að því að ríkissjóður þurfi að innleysa orlofskröfu er Póst- og símamálastofnun hefur greitt samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, skal auk dráttarvaxta frá gjalddaga orlofsfjár til greiðsludags greiða víðurlög sem nema 7,5% af fjárhæð innlausnarkröfu.

Kröfu samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1985 og njóta þær sama réttar og krafa launþegans hefði notið í þrotabú launagreiðanda.

4. gr.

Nú hrekkur innborgað orlofsfé ásamt vöxtum ekki til þess að greiða áunnið orlofsfé launþega og greiðist þá mismunurinn úr ríkissjóði þar til útistandandi kröfur hafa verið innheimtar.

Póst- og símamálastofnunin (Póstgíróstofan) greiðir orlofsfé, sem áunnið er fram til 30. apríl 1988, fram til 30. apríl 1989 og annast innheimtu vanskila launagreiðenda til sama tíma.

Orlofsfé, sem launþegi hefur ekki vitjað 30. apríl 1989 rennur í lífeyrissjóð orlofsþega sem aukaiðgjald af hans hálfu til sjóðsins.

Ríkissjóður tekur frá sama tíma við forsvari þeirra krafna á hendur launagreiðendum sem ekki hefur tekist að innheimta.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 30/1987 um orlof og tekur gildi 1. maí 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 150/1972.

Félagsmálaráðuneytið, 29. mars 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 177

6. apríl 1988

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar Getspár,
nr. 466 18. nóvember 1986.**

1. gr.

1. tl. 2. gr. orðist svo:

1. Íslensk Getspá gefur út og dreifir leikspjöldum til þátttöku í talnagetrauninni. Á hverju leikspjaldi eru 10 leikir (raðir) sem merktir eru bókstöfunum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J og er hver leikur með tölunum 1—32. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til tíu leikjum á hverju leikspjaldi. Á leikspjaldi skulu vera leiðbeiningar um þátttöku í talnagetrauninni. Þar skal og vera hvatning til þátttakanda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.

2. gr.

9. tl. 2. gr. orðist svo:

Verð fyrir hvern leik (röð) er kr. 30 og er aðeins unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar Getspár.

3. gr.

4. málslíður 11. tl. 2. gr. orðist svo: Verð fyrir þátttöku samkvæmt kerfi er kr. 180 fyrir 6 tölur, kr. 630 fyrir 7 tölur, kr. 1 680 fyrir 8 tölur, kr. 3 780 fyrir 9 tölur og kr. 7 560 fyrir 10 tölur.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, öðlast gildi 11. apríl 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. apríl 1988.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.